



Sauðárkróki 15. september 2026

Verslunarmannafélag Reykjavíkur
Halla Gunnarsdóttir, formaður

Landssamband ízlenskra verslunarmanna
Eiður Stefánsson, formaður

Rafiðnaðarsambandið f.h. fagfélaganna
Jakob Tryggvason, formaður


Efni: Svar við bréfi frá 10. september 2026

Stjórnendur Kaupfélags Skagfirðinga svf. (KS) taka heilshugar undir þá skoðun að mikilvægasta viðfangsefni okkar allra um þessar mundir er samstillt átak atvinnulífsins, launþegahreyfinganna, ríkis og sveitarfélaga um að ná saman um aðgerðir til að lækka verðbólgu og vexti, tryggja viðunandi hagvöxt í landinu sem tryggir samkeppnishæfni atvinnulífsins og þar með betri kaupmátt en ella.

Til þess að svo geti orðið þurfa allir ofangreindir aðilar að leggja sitt að mörkum og KS mun ekki skorast undan ábyrgð í þeim efnum enda hafa stjórnendur KS talað fyrir þessu á undanförnum vikum og mánuðum bæði gagnvart atvinnulífinu og launþegasamtökum.

Af framgreindu er ljóst að KS mun ekki láta sitt eftir liggja til að þessi mál hafi sem bestan framgang og meta stöðuna á næstu vikum með tilliti til þess.

Við sendum ykkur góðar kveðjur með von um árangur í viðræðum næstu vikna.

Virðingarfyllst,

Fh. Kaupfélags Skagfirðinga

Afrit:
Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ
Vilhjálmur Birgisson, formaður SGS
Bjarni Benediktsson, framkvæmdastjóri